

# Ársskýrsla 2021

Þjóðskjalasafn Íslands



# Ársskýrsla Þjóðskjalasafns Íslands 2021

Yfirlit um starfsemi

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

# EFNISYFIRLIT


**Ávarp þjóðskjalavarðar ........ 5**

**1. Þjóðskjalasafn ........ 6**
- Hlutverk Þjóðskjalasafns sem stjórnsýslustofnunar ........ 6
- Minni íslensks samfélags ........ 6

**2. Innri starfsemi ........ 7**
- Stjórnarnefnd ........ 7
- Skipulag og stjórnun ........ 7
- Framkvæmdastjórn: ........ 7
- Starfsemi á árinu ........ 8
- Mannauður ........ 8
- Rekstrar- og efnahagsreikningur ........ 8
- Húsnæðismál ........ 9
- Grænt Þjóðskjalasafn ........ 10
- Græn skref í ríkisrekstri ........ 11
- Grænt bókhald ........ 11
- Jafnlaunavottun ........ 11
- Jafnréttismál ........ 12
- Persónuverndarfulltrúi ........ 12

**3. Skjalavarsla og skjalastjórn ........ 13**
- Afhendingar pappírsskjala ........ 13
- Afhendingar rafrænna gagna ........ 13
- Grisjunarbeiðnir ........ 14
- Málalyklar og skjalavistunaráætlanir ........ 14
- Tilkynning rafrænna gagnasafna ........ 14
- Ráðgjöf og fræðsla til afhendingarskyldra aðila ........ 15
- Námskeið ........ 15
- Reglur um skjalavörslu og skjalastjórn ........ 16
- Eftirlit með afhendingarskyldum aðilum ........ 16
- Nýr ráðgjafavefur ........ 17
- Nýjar leiðbeiningar ........ 18
- Gjaldskrá Þjóðskjalasafns ........ 18
- Samráðshópur um einkaskjalasöfn ........ 18
- Vinnuhópur um varðveislu sjúkraskráa ........ 19
- Forvarsla ........ 19

**4. Aðgengi og þjónusta ........ 20**
- Skjalaskrá og Einkaskjalasafn.is ........ 20
- Útlán og notkun skjala ........ 20
- Fyrirspurnir vegna safnkosts ........ 20
- Heimsóknir á lestrarsal ........ 21

5. **Sýningar, viðburðir og rannsóknir** ..... 22
(Vor)ráðstefna Þjóðskjalasafns ..... 22
Lénið Ísland ..... 22
Þjóðlendu- og landamerkjaverkefni ..... 22
Vestnorrænir skjaladagar í Færeyjum ..... 22
Samstarf um rannsóknir á dómsmálum á Austurlandi ..... 23
Rannsókn á Biblíubréfinu ..... 23
Norræni skjaladagurinn ..... 23

6. **Miðlun** ..... 24
Vefir Þjóðskjalasafns ..... 24
Skönnun ..... 24
Skráningarverkefni á Ísafirði ..... 24
Heimild mánaðarins ..... 24
Hlaðvarp Þjóðskjalasafns – Til skjalanna ..... 24
Hlaðvarpsþættir 2021 ..... 24
Samfélagsmiðlar ..... 26
Arkir – fréttir af safnkosti ..... 26

7. **Samstarf opinberra skjalasafna** ..... 27
Samráðshópur um einkaskjalasöfn ..... 27
Heimsóknir á héraðsskjalasöfn ..... 27
Styrkir til héraðsskjalasafna ..... 27

8. **Heimsmarkmið Sameiðnuðu þjóðanna** ..... 30

**Viðauki 1** ..... 32
Stefnumótun ríkisaðila til þrigg ja ára 2022-2024 ..... 32

**Viðauki 2** ..... 34
Starfsmenn Þjóðskjalasafns 1. desember 2021 ..... 34

**Viðauki 3** ..... 35
Afhendingar 2021 ..... 35

**Viðauki 4** ..... 42
Útgefnar bækur og skýrslur ..... 42

**Viðauki 5** ..... 43
Erindi og greinar um skjalavörslu og safnkost Þjóðskjalasafns ..... 43

# ÁVARP ÞJÓÐSKJALAVARÐAR



Heimsfaraldur setti mark sitt á árið 2021 eins og árið á undan. Starfsemin var aðlöguð þeim veruleika og tókst í lang flestum tilvikum að halda reglubundinni starfsemi óskertri. Gestafjöldi á lestrarsal varð minni en á árunum á undan. Verkefni Þjóðskjalasafns eru í eðli sínu svipuð milli ára þótt áherslur sveiflist. Grundvallarverkefnin eru alltaf vinna með upplýsingar; tilurð skjala, varðveislu skjala og aðgengi að skjölum.

Á þessu ári tók safnið við mesta magni pappírsskjala frá upphafi, eða alls um 2,5 hillukílómetrum. Margir aðilar gerðu átak í skjalaskilum, en á árinu hafði verið lögð sérstök áhersla á að styrkja námskeiðshald fyrir afhendingarskylda aðila og nýr ráðgjafavefur var opnaður til að auka og bæta upplýsingagjöf.

Innan safnsins var unnið að því að því að styrkja rafræna innviði þess og skilgreina þarfir til framtíðar. Miklar áskoranir eru framundan í samhengi við stafræna umbreytingu og nauðsynlegt að skjalasöfnin taka virkan þátt í þeirri þróun. Stóru verkefni í skráningu eldri safnkosts var hleypt af stokkunum í nýrri fjargeymslu. Hún var tekin í notkun á haustdögum og leysti af þrjár aðrar sem nýttar höfðu verið til bráðabirgða. Áætlað er að þar verði um 12 km. skjala grófskráðir á tveimur árum.

Ráðstefnuhald, hlaðvarp, útgáfa, fyrirlestrahald og þátttaka í norrænu skjaladögunum eru orðnir fastir viðburðir á ári hverju og eru liður í því að sinna menningarhlutverki safnsins. Stjórnsýsluhlutverk og menningarhlutverk skjalasafna eru tvær hliðar á sama peningi og geta ekki án hinnar verið. Til lítils væri að varðveita skjöl sem enginn hefði þörf fyrir að sækja í og nýta, og ef ekki er tryggt að tilurð og varðveisla skjala í samtímanum sé nægjanlega örugg, er hætta á að það verði ekkert til þess að skoða þegar frá líður.

Hrefna Róbertsdóttir, þjóðskjalavörður



# 1.

# ÞJÓÐSKJALASAFN

Þjóðskjalasafn Íslands er ein af grunnstofnunum ríkisins og starfar eftir lögum um opinber skjalasöfn, nr. 77/2014. Þar er kveðið á um meginhlutverk Þjóðskjalasafns og er það í grundvallaratriðum tvíþætt; stjórnsýsla og skjalastjórn hins opinbera annars vegar og menningarhlutverk og langtímavarðveisla skjalasafna hins vegar. Tilurð skjala, meðhöndlun þeirra og varðveisla (rafræn og á pappír) er grunnþáttur sem allt annað byggist á. Þjóðskjalasafn sinnir því einni af grunnstoðum lýðræðis í landinu; tilurð, varðveislu og aðgengi að upplýsingum. Það gerir það m.a. með því að setja stjórnsýslunni reglur með það að markmiði að tryggja upplýsingarétt og gagnsæi.

## Hlutverk Þjóðskjalasafns sem stjórnsýslustofnunar

Sem stjórnsýslustofnun hefur Þjóðskjalasafn með höndum ráðgjöf til afhendingarskyldra aðila, sem og eftirlit með skjalahaldi þeirra. Í þessu skyni setur þjóðskjalavörður reglur um skjalavörslu og skjalastjórn, sem mennta- og menningarmálaráðherra staðfestir. Með reglubundnu millibili gerir safnið rafrænar eftirlitskannanir á skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila og fylgir þeim eftir með sértæku eftirliti út frá þeim þáttum sem koma fram í niðurstöðum þeirra. Afhendingarskyldir aðilar til Þjóðskjalasafns eru um 500 talsins. Að auki hefur Þjóðskjalasafn eftirlit með þeim 20 héraðsskjalasöfnum sem starfandi eru á landinu. Því til viðbótar heyra undir Þjóðskjalasafn sveitarfélög á svæðum þar sem ekki eru starfandi héraðsskjalasöfn. Þjóðskjalasafn veitir aðgang að skjölum og gögnum sem það hefur í vörslu sinni á grundvelli laga, þar sem hagsmunir og réttindi borgaranna, fyrirtækja og stofnana eru höfð að leiðarljósi.

## Minni íslensks samfélags

Stundum er talað um skjalasöfn og skyldar stofnanir sem „minnisstofnanir“ samfélagsins (memory institutions). Það á vel við og lýsir menningarlegu hlutverki Þjóðskjalasafns. Það varðveitir heimildir um íbúa landins, stofnanir þess, stjórnsýslu, atvinnulíf, félagslíf og menningu frá elstu tímum til samtímans.

Rétt meðhöndlun skjala samkvæmt reglum og leiðbeiningum Þjóðskjalasafns er lykillinn að því að skjalasöfn varðveitist til framtíðar. Afhendingarskyldir aðilar, sem fara eftir lögum og reglum, ganga frá gögnum sínum til afhendingar og skila þeim inn til safnsins ásamt skrám og lýsigögnum. Skrárnar fara svo fljótt sem verða má í birtingu í skjalaskrá Þjóðskjalasafns og gögn eru afgreidd til notenda samkvæmt gildandi lögum. Einkaskjöl koma eftir öðrum leiðum og leitast er við að aðstoða þá sem afhenda þau við frágang til að skjölin verði sem best aðgengileg.

Saman mynda opinber skjöl og einkaskjöl minni íslensks samfélags. Til að tryggja langtímavörslu þessara skjala er hugað að því að varðveisluskilyrði séu eins og best verður á kosið með fyrirbyggjandi forvörslu. Styrkjandi forvörslu er líka beitt þar sem það á við, gert við mikilvæg gögn til að tryggja vörslu þeirra til framtíðar, auk þess sem skönnun og birting skjala á vef er mikilvægur hlekkur í að gera menningararfinn aðgengilegan. Skönnun skjala hefur tvíþætt markmið, að bjarga upplýsingum á gögnum sem ekki þola meðhöndlun og útlán auk þess að gera skjöl aðgengilegri almenningi í rafrænum lestarsal.

# 2.

# INNRI STARFSEMI

## Stjórnarnefnd

Þjóðskjalasafn Íslands heyrir undir mennta- og menningarmálaráðuneyti. Ráðuneytið skipar stjórnarnefnd safnsins sem er þjóðskjalaverði til ráðgjafar um stefnu og önnur málefni sem varða starfsemi þess.

Stjórnarnefndin veitir þjóðskjalaverði umsagnir um árlegar starfs- og fjárhagsáætlanir og skipulag safnsins.

Stjórnarnefnd er skipuð af mennta- og menningarmálaráðherra. Hana skipuðu frá 1. janúar 2019.

### Aðalmenn:

**Anna Agnarsdóttir,**
formaður, skipuð án tilnefningar.

**Guðmundur Jónsson,** varaformaður, tilnefndur af Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.

**Jóhanna Gunnlaugsdóttir,**
tilnefnd af félagsvísindasviði Háskóla Íslands.

**Gunnar Örn Hannesson,** tilnefndur af starfsfólki Þjóðskjalasafns Íslands.

**Svanhildur Bogadóttir,**
tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

**Gunnar Gíslason,**
tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

### Varamenn:

**Valur Ingimundarson,**
skipaður án tilnefningar.

**Erla Hulda Halldórsdóttir,**
tilnefnd af Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.

**Ómar H. Kristmundsson,**
tilnefndur af félagsvísindasviði Háskóla Íslands.

**Karen Þóra Sigurkarlsdóttir,**
tilnefnd af starfsfólki Þjóðskjalasafns Íslands.

**Jóna Símonía Bjarnadóttir,**
tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

**Ágúst Sigurðsson,**
tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Stjórnarnefnd fundaði tvisvar á árinu 2020, 27. maí og 2. desember í fjarfundi. Fundargerðir stjórnarnefndar eru birtar á vef safnsins.

## Skipulag og stjórnun

Skipurit Þjóðskjalasafns Íslands sýnir starfsemi stofnunarinnar. Meginsvið eru tvö; rekstrar- og varðveislusvið og skjala- og upplýsingasvið. Fagsviðin eru sex; upplýsingaþjónusta, eftirlit og ráðgjöf, skráning, varðveisla, miðlun og húsnæði. Nýtt skipurit tók gildi 1. september 2019. Þjóðskjalavörður og sviðsstjórar mynda framkvæmdastjórn sem fundar að jafnaði vikulega.

## Framkvæmdastjórn:

**Hrefna Róbertsdóttir,**
þjóðskjalavörður

**Anna Elínborg Gunnarsdóttir,**
sviðsstjóri rekstrar- og varðveislusviðs

**Njörður Sigurðsson,**
sviðsstjóri skjala- og upplýsingasviðs

## Skipurit Þjóðskjalasafns

Frá 1. september 2020




## Starfsemi á árinu

Starfsemi ársins 2021 var að mestu hefðbundin en einkenndist þó að nokkru af heimsfaraldri. Unnið var áfram að undirbúningi við að bæta og styrkja rafræna innviði safnsins. Stytting vinnuvikunnar tók gildi 1. janúar 2021. Innleiðing vinnutímastyttingarinnar gekk vel en henni er ætlað að styðja við jafnvægi milli einkalífs og vinnu og bæta heilsu og líðan starfsfólks, sem er ein af lykiláherslum stofnunarinnar.

Eins og undanfarin ár tók Þjóðskjalasafn þátt í könnuninni „Stofnun ársins“ og lenti í 37. sæti af 54 stofnunum í hópnum „Stofnanir með 5 til 39 starfsmenn“ (10. sæti af 41 stofnun í hópnum „Stofnanir með 20 til 49 starfsmenn“ árið 2020). Heildareinkunn var 4,092 (4,298 árið 2020 og 4,058 árið 2019). Niðurstöður könnunarinnar gefa vísbendingar um ánægju og líðan starfsmanna og eru leiðbeiningar fyrir stjórnendur um hvar má gera betur.

## Mannauður

Þjóðskjalasafn hefur á að skipa hæfu og reynslumiklu starfsfólki á sviði skjalavörslu og skjalastjórnar, sem og á sviði stjórnsýslu og miðlunar. Í árslok 2021 var starfsfólk alls 38, þar af voru þrjú í leyfi. Stærsti hlutinn er í 100% starfi en fimm voru í hlutastöfum. Á árinu hættu 4 starfsmenn, þar af einn vegna aldurs. Ársverk við safnið voru 34,0. Fjöldi kvenna var 18 og fjöldi karla 20.

Meðalaldur starfsfólks í árslok 2021 var 46,1 ár og meðalstarfsaldur var 9,8 ár. 38% starfsfólks (14 manns) hefur starfað hjá Þjóðskjalasafni lengur en í 10 ár og 34% (13 manns) skemur en 5 ár. Háskólamenntaðir starfsmenn eru 92% og eru sagnfræðingar í miklum meirihluta.

## Rekstrar- og efnahagsreikningur

Á árinu 2021 var framlag úr ríkissjóði til rekstrar alls 369,2 m.kr. borið saman við 366,2 m.kr. árið 2020. Samkvæmt ársreikningi 2021 var afkoma Þjóðskjalasafns Íslands í heild neikvæð um 54,7 m.kr. á árinu 2021.

Rekstrargjöld ársins námu 562,2 m.kr.

Stærsti útgjaldaliðurinn eru laun (69% heildarútgjalda). Launakostnaður hækkaði um 27,8 m.kr. milli ára en ársverk voru nær óbreytt (34,0/2021; 34,2/2020; 31,4/2019).

Næst stærsti útgjaldaliðurinn var aðkeypt þjónusta (12% heildarútgjalda) og hækkar um 8,4 millj frá árinu 2020. Þar tilheyra m.a. ýmis leigugjöld sem hækka um 4,3 m.kr. milli ára en kostnaður vegna upplýsingatæknikerfa og hugbúnaðarleyfa af ýmsu tagi hefur hækkað verulega undanfarin ár.

Þjóðskjalasafn greiðir ekki leigu fyrir húsnæðið á Laugavegi og því er húsnæðiskostnaður einungis þriðji stærsti útgjaldaliður stofnunarinnar árið 2021 (9% heildarútgjalda) og lækkar um 6,2 m.kr. milli ára. Húsaleiguliðurinn hækkar um 12,6 m.kr.vegna leigu á nýjum geymslum að Höfðabakka frá september2021, en verkkaup lækka um 19,6 m.kr. frá síðasta ári  þegar framkvæmdir við Lestrarsal voru meginskýring mikilla útgjalda.

Tilfærslur nema 29,5 m.kr. en þar er um að ræða árlegar greiðslur til héraðsskjalasafna sem ÞÍ annast f.h. ráðuneytisins. Framlag ríkissjóðs vegna þessa bókast hluti sértekna safnsins.

Kostnaður við rekstrarvörur varð 11,0 m.kr. og lækkar um 8,1 m.kr. milli ára, að stærstum hluta vegna minni umbúðakaupa (2,3 m.kr. 2021 en 9,9 m.kr. 2020).

Ferðir og fundir hækkuðu frá árinu 2020 um 3,4 m.kr. þrátt fyrir að áfram væri lítið ferðast vegna heimsfaraldurs. Munar þar mest um aukinn ferðakostnað, jafnt innanlands og erlendis, alls 2,1 m.kr.

Sértekjur ársins námu alls 126,7 m.kr., þar meðtalið er framlag ráðuneytisins til héraðsskjalasafna 31,5 m.kr. sem ÞÍ annast milligöngu um. Sérfræðiþjónustuverkefni skiluðu alls 71,1 m.kr., og eru þar þrjú verkefni langstærst (Óbyggðanefnd 43,5m.kr., Þjóðskrá 10,0 m.kr. og Lögreglustjórinn 10,0 m.kr.). Árlegt framlag Alþingis vegna útgáfu Yfirréttarins nam 10,0 m.kr. og ýmis rekstrarframlög alls 8,9 m.kr. (hér m.a. 5,3 m.kr. endurgreiðsla atvinnuleysistryggingasjóðs vegna sumarstarfa 2021).

Neikvæð afkoma í árslok skýrist að hluta af 20 m.kr. kostnaði vegna flutninga og leigu á nýrri bráðabirgðageymslu, sem ekki hafði verið áætlað fyrir á fjárlögum 2021.

Fjárfestingar ársins námu alls 16,1 m.kr., þar af voru húsgögn 3,9 m.kr.., tölvu- og tæknibúnaður 2,5 m.kr.., lyftari 1,0millj., auk þess sem innviðaverkefnið, sem styrkt var með fjárfestingarframlagi 2020 og 2021, var eignfært fyrir 8,7 m.kr. á árinu. Fastafjármunir í árslok námu 80,8 m.kr.

## Húsnæðismál

Á árinu var unnin þarfagreining /frummatsskýrsla af Framkvæmdasýslu ríkisins f.h. fjármála- og efnahagsráðuneytis og var skýrslan að mestu tilbúin í árslok 2021.

Þjóðskjalasafn Íslands er með aðalstarfsstöð sína og skjalageymslur að Laugavegi 162. Auk þess hefur stofnunin haft skjalageymslur í Laugarnesi og Brautarholti 6. Að Laugavegi 164 (ónothæft/tómt) meðtöldu eru húsnæðið alls 10.620 m$^2$.

Í ársbyrjun var unnið að öflun nýrrar fjargeymslu fyrir safnkost sem geymdur er á brettum og hefur verið geymdur í húsum 5 (Laugavegi 164), 6 (Brautarholt) og 7 (Lauganes). Unnið var að undirbúningi flutninga þar sem öll bretti voru yfirfarin, borin saman við afhendingaskrá og strikamerkt. Þessi vinna auðveldaði allt utanumhald flutninga og skráningu staðsetninga.

Gengið var frá 5 ára leigusamningi við Framkvæmdasýslu ríkisins/Ríkiseignir um 1.370 m$^2$ fjargeymslu að Höfðabakka 7 (hús 8) í maí en afhending tafðist til 1. september vegna viðgerða á húsnæðinu.

Flutningur skjala á Höfðabakka hófst 1. september. Brautarholt var tæmt fyrst og húsnæðið afhent Ríkiseignum í nóvember. Geymslan í Lauganesi var tæmd í desember, hillur teknar niður og fluttar

að Höfðabakka fyrir áramót og Ríkiseignum afhent húsnæðið. Öll skjöl voru flutt úr húsi 5 (Laugavegur 164) að Höfðabakka en eftir í húsinu í árslok 2021 er hilluefni sem finna þarf stað svo hús 5 teljist að fullu tæmt.

Eldvarnastöð við Laugaveg var endurnýjuð í janúar en eldri stöð var orðin úrelt og erfitt að halda við. Forvörsluverkstæði safnsins var flutt úr húsi 4 í hús 1. Áður en flutt var þurfti að rífa út gamla eldhúsinnréttingu, lagfæra öll gólf, leggja tölvulagnir, bæta lýsingu, mála, setja upp skápa og fá inn sérsmíðað vandað vinnuborð.

| Rekstraryfirlit (m.kr.) | Raun 2021 | Áætlun 2021 | Frávik |
|---|---|---|---|
| Sértekjur | -126,7 | -102,6 | 24,1 |
| Laun og launatengd gjöld | 387,4 | 357,8 | -29,6 |
| Ferðir og fundir | 7,0 | 7,3 | 0,4 |
| Rekstrarvörur | 11,0 | 9,2 | -1,8 |
| Aðkeypt þjónusta | 64,3 | 52,0 | -12,3 |
| Húsnæði | 50,1 | 35,6 | -14,6 |
| Bifreiðar og vélar | 1,1 | 0,2 | -0,9 |
| Vextir, bætur, skattar | 0,1 | 0,1 | 0,0 |
| Afskriftir | 11,7 | 11,3 | -0,3 |
| Tilfærslur | 29,5 | 31,5 | 2,0 |
| Framlag ríkissjóðs | -369,2 | -372,1 | 2,9 |
| Framlag til afskrifta | -11,7 | -11,3 | 0,3 |
| Rekstrarniðurstaða: | 54,7 | 19,0 | -29,9 |
| Sértekjur | -126,7 | -102,6 | 24,1 |

## Grænt Þjóðskjalasafn

Þjóðskjalasafn Íslands hefur sett sér það markmið að vera til fyrirmyndar í umhverfis- og loftlagsmálum og halda neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi stofnunarinnar í lágmarki. Liður í þeirri viðleitni er innleiðing á umhverfisstjórnunarkerfi samkvæmt ISO 14001:2015 umhverfisstjórnunarstaðlinum sem safnið fékk vottað í júní. Með stjórnkerfinu er haldið utan um markmið stofnunarinnar í umhverfismálum og kröfur sem gerðar eru til stofnunarinnar á því sviði.

Þjóðskjalasafn starfar samkvæmt grænum skrefum í ríkisrekstri en markmið þeirra er m.a. að innleiða áherslur ríkisins í umhverfismálum sem þegar hafa verið samþykktar og að gera aðgerðir stofnana í umhverfismálum sýnilegar.

Umhverfis- og loftlagsstefna Þjóðskjalasafns Íslands tekur til umhverfisáhrifa af rekstri og varðar alla starfsmenn stofnunarinnar. Stefnan tekur til umhverfisþátta sem unnt er að fylgjast með og mæla hverju sinni. Stefnan er rýnd árlega af framkvæmdastjórn, markmið sett, árangur mældur og upplýsingum um árangur miðlað.

Þjóðskjalasafn Íslands tengir starfsemi sína við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem voru samþykkt árið 2015. Umhverfis- og loftslagsstefnan tekur mið af heimsmarkmiðunum, með sérstakri áherslu á markmið 8 (nýting auðlinda til neyslu og framleiðslu bætt), 11 (vistvænar samgöngur, loftgæði og úrgangur), 12 (vistvæn innkaup), 13 (stefnumótun í loftslagsmálum) og 17 (samstarfsverkefni milli opinberra aðila og einkaaðila).



# 38%

**STARFSMANNA**

**MEÐ SAMNING UM VISTVÆNAN FERÐAMÁTA**



**92%**

**ENDURVINNSLUHLUTFALL**

**30,2%**

**MINNI PAPPÍRSNOTKUN**

## Græn skref í ríkisrekstri

Græn skref í ríkisrekstri snúast um að efla vistvænan rekstur ríkisins með kerfisbundnum hætti. Aðgerðirnar miða einkum að venjulegri skrifstofustarfsemi. Þjóðskjalasafn tók sitt fimmta græna skref í janúar 2021 og hefur nú tekið öll skrefin. Í samræmi við græn skref og innkaupastefnu ríkisins frá 2021 leggur Þjóðskjalasafn áherslu á hagkvæm og vistvæn innkaup. Markvisst er unnið að því að gera Þjóðskjalasafn að umhverfisvænum vinnustað. Fræðsla til starfsmanna um umhverfismál er hluti af reglulegri fræðslu, starfsmönnum er boðið upp á samgöngusamninga og góða aðstöðu fyrir hjólandi, en Þjóðskjalasafn hefur hlotið gullvottun fyrir að vera hjólavænn vinnustaður.

græn SKREF

## Grænt bókhald

Stofnunin skilaði grænu bókhaldi til Umhverfisstofnunar vegna ársins 2021 líkt og gert hefur verið frá 2019. Fyrir árið 2021 voru sett mælanleg markmið fyrir umhverfisþættina: rafmagn, notkun ræstivara, notkun pappírs, úrgang og samgöngur. Náði stofnunin markmiðum sínum varðandi minni pappírsnotkun, fjölda samgöngusamninga, minni rafmagns- og heitavatnsnotkun og aukið hlutfall endurvinnslu sorps (hækkaði úr 89% í 92% 2021). Kolefnisspor ársins (tæp 14 tonn $CO^2$ ígildis) var jafnað í samvinnu við Kolvið með gróðursetningu 140 trjáa.

JAFNLAUNAVOTTUN
2022 - 2025

## Jafnlaunavottun

Þjóðskjalasafn fékk jafnlaunavottun í byrjun árs 2019 og framkvæmir árlega jafnlaunagreiningu innan stofnunarinnar. Árið 2021 var niðurstaða greiningarinnar innan þeirra jafnlaunamarkmiða sem stofnunin hefur sett sér. Fékk stofnunin undir

lok árs framlengda jafnlaunavottun vegna áranna 2022-2025.
Stefna Þjóðskjalasafns er að allir starfsmenn njóti jafnra launa og sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf þannig að enginn launamunur sé til staðar.

## Jafnréttismál

Í jafnréttisáætlun Þjóðskjalasafns eru sett fram fjölþætt markmið, s.s. um kynjasamþættingu, launajafnrétti og samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Áætlunin miðar m.a. að því að tryggja jafnan rétt starfsfólks og stuðla að jafnri stöðu og virðingu. Jafnréttisáætlun fjallar einnig um verkefni jafnréttisnefndar sem eru að stuðla að fræðslu og skapa umræðu um jafnréttismál. Eitt erindi var flutt á vegum nefndarinnar í maí en þá komu höfundar bókarinnar Konur sem kjósa og kynntu bókina

Jafnrétti hefur verið mælt í könnuninni Stofnun ársins undanfarin ár. Árið 2021 fékk Þjóðskjalasafn 4,47 af 5,0 mögulegum í könnuninni.

## Persónuverndarfulltrúi

Helga Jóna Eiríksdóttir tók við starfi persónuverndarfulltrúa Þjóðskjalasafns í ársbyrjun 2021. Persónuverndarfulltrúinn er óháður og sjálfstæður í störfum sínum og hlutverk hans er að hafa eftirlit með meðferð persónuupplýsinga innan safnsins.

# 3.

## SKJALAVARSLA OG SKJALASTJÓRN

Þjóðskjalasafn Íslands er framkvæmdaaðili opinberrar skjalavörslu og skjalastjórnar og gegnir hlutverki opinbers skjalasafns. Sem slíkt setur safnið reglur um skjalahald afhendingarskyldra aðila, samþykkir notkun á málalyklum og skjalavistunaráætlunum, veitir ráðgjöf um skjalamál, veitir heimild til eyðingar skjala og hefur eftirlit með framkvæmd laga um opinber skjalasöfn og reglna sem settar eru á grundvelli laganna. Þá tekur safnið við skjölum afhendingarskyldra aðila ríkis og sveitarfélaga sem ekki eru aðilar að héraðsskjalasafni. Pappírsskjöl á að afhenda þegar þau eru orðin 30 ára gömul en rafræn gögn að jafnaði ekki eldri en fimm ára. Þjóðskjalasafn tekur jafnframt við einkaskjalasöfnum, þ.e. frá einstaklingum, félagasamtökum og fyrirtækjum.

### Afhendingar pappírsskjala

Árið 2021 tók Þjóðskjalasafn við 2.429 hillumetrum af pappírsskjölum í 169 afhendingum. Þetta er mesta magn pappírsskjala sem borist hefur á Þjóðskjalasafn á einu ári. Heildarsafnkostur pappírsskjala í Þjóðskjalasafni í lok árs 2021 var 46.059 hillumetrar.

### Afhendingar rafrænna gagna

Alls voru afhent 573 Gb. af rafrænum gögnum í fimm afhendingum á árinu 2021. Þjóðskjalasafn hefur tekið við alls 49 vörsluútgáfum af rafrænum gögnum frá árinu 2010 þegar rafræn skjalavarsla hófst í safninu. Heildarsafnkostur rafrænna gagna í Þjóðskjalasafni í lok árs 2021 var um 2.395 Gb.

**46.059 hm**

**AF PAPPÍRSSKJÖLUM**

**2.395 Gb**

**AF RAFRÆNUM GÖGNUM**

**Afhentir hillumetrar pappírsskjala 2012-2021**



## Grisjunarbeiðnir

Afhendingarskyldir aðilar mega skv. 24. gr. laga um opinber skjalasöfn ekki eyða neinu skjali í skjalasöfnum sínum nema með heimild þjóðskjalavarðar, í samræmi við reglur sem settar eru á grundvelli laganna eða samkvæmt sérstöku lagaákvæði. Til þess að fá heimild þjóðskjalavarðar fyrir eyðingu skjala þarf að sækja um hana á sérstöku eyðublaði, svokallaðri grisjunarbeiðni. Grisjunarbeiðnir eru afgreiddar af þjóðskjalaverði á afgreiðslufundum sem haldnir eru tvisvar í mánuði með ráðgjöf frá sviðsstjóra skjala- og upplýsingasviðs og fagstjóra eftirlits og ráðgjafar. Á árinu 2021 bárust Þjóðskjalasafni 174 beiðnir um grisjun skjala og hafa þær aldrei verið fleiri á einu ári. Á árinu 2021 var eyðing heimiluð í 109 tilviki en hafnað í sjö tilvikum. Þá voru fjórar beiðnir samþykktar að hluta og 13 beiðnir bárust þar sem heimild var til staðar og átti því ekki við. Í lok árs 2021 voru 13 grisjunarbeiðnir sem biðu afgreiðslu.

**Grisjunarbeiðnir 2021**




## Málalyklar og skjalavistunaráætlanir

Afhendingarskyldir aðilar eiga að nota málalykla til að halda skipulagi á málasafni sínu og skjalavistunaráætlanir til að hafa yfirlit yfir skjalasafnið og allar ákvarðanir sem teknar hafa verið um það. Þjóðskjalasafn samþykkir notkun á málalyklum annars vegar og skjalavistunaráætlunum hins vegar samkvæmt reglum þar um. Árið 2021 voru samþykktir alls 43 málalyklar. Þá voru samþykktar 12 skjalavistunaráætlanir og hafa aldrei fleiri verið samþykktar.

**Samþykktir málalyklar 2012-2021**




## Tilkynning rafrænna gagnasafna

Undanfari afhendinga á rafrænum gögnum er að afhendingarskyldir aðilar tilkynni rafræn gagnasöfn sem þeir nota og Þjóðskjalasafn úrskurði svo um varðveislu þeirra og hvenær afhenda skuli vörsluútgáfu gagna úr þeim. Á árinu 2021 bárust alls 58 tilkynningar umrafræn gagnasöfn og úrskurðaði safnið um 42 þeirra

**Tilkynningar rafrænna gagnasafna 2017-2021**



## Ráðgjöf og fræðsla til afhendingarskyldra aðila

Skriflegar fyrirspurnir um skjalavörslu og skjalastjórn, sem skjalaverðir safnsins svöruðu á árinu 2021 voru samtals 694 en voru á síðasta ári 588. Það er aukning um 18% á milli ára. Eins og fyrri ár voru langflestar fyrirspurnirnar um rafræna skjalavörslu.

Þjóðskjalasafn bauð á árinu upp á námskeið fyrir afhendingarskylda aðila um helstu þætti í skjalavörslu og skjalastjórn. Öll námskeiðin voru kennd í gegnum fjarfundabúnaðinn Microsoft Teams og voru námskeiðin gjaldfrjáls. Aðsóknin að námskeiðunum var mjög góð en alls voru skráðir 857 þátttakendur á þau ellefu námskeið sem kennd voru á vor- og haustmisseri 2021.

Þá var gefið út eitt nýtt fræðslumyndband á Youtube-rás Þjóðskjalasafns á árinu. Undir lok árs 2021 voru myndböndin orðin 29 talsins.

*Skjalafréttir*, rafrænt fréttabréf Þjóðskjalasafns um skjalavörslu og skjalastjórn, hefur komið út frá árinu 2014. Áskrifendur undir lok ársins voru 500 en út komu 17 tölublöð á árinu 2021.

## Námskeið

12. janúar – Er röð og regla á málasafninu? Gerð málalykla (59 skráðir)

26. janúar – Þarf að bæta skjalavörslu og skjalastjórn? Átak í skjalavörslu og gerð skjalavistunaráætlunar (101 skráður)

9. febrúar – Rafræn skjalavarsla. Afhending rafrænna gagna til Þjóðskjalasafns. Undirbúningur og góð ráð. (97 skráðir)

23. febrúar – Frágangur, skráning og afhending pappírsskjala (76 skráðir)

9. mars – Gerð vörsluútgáfu rafrænna gagna. Námskeið fyrir hugbúnaðaraðila og þá sem búa til vörsluútgáfur (69 skráðir)

23. mars – Afhending eldri rafrænna gagna. Hvað þarf til? (98 skráðir)

19. október – Hverju má henda? Um grisjun skjala. (77 skráðir)

26. október – Skráning mála og málsgagna. (67 skráðir)

16. nóvember – Hvað á að gera við tölvupóstinn? Um varðveislu og eyðingu á tölvupósti (92 skráðir)

30. nóvember – Tilkynningar á rafrænum gagnasöfnum (68 skráðir)

7. desember- Er röð og regla á málasafninu? Gerð málalykla (53 skráðir)

**Skriflegar fyrirspurnir um skjalavörslu og skjalastjórn árið 2021**



## Reglur um skjalavörslu og skjalastjórn

Á árinu 2021 voru settar reglur um eyðingu prófúrlausna og metinna námsmatsgagna hjá afhendingarskyldum aðilum varð (nr. 913/2021). Námsmatsgögn er skjalaflokkur sem hefur takmarkað upplýsingagildi þegar kærufrestir eru liðnir. Með setningu reglna um eyðingu námsmatsgagna þurfa afhendingarskyldir aðilar ekki að sækja sérstaklega um eyðingu námsmatsgagna sem myndast í starfi til þjóðskjalavarðar skv. 24. gr. laga um opinber skjalasöfn.

## Eftirlit með afhendingarskyldum aðilum

Í upphafi árs 2021 framkvæmdi Þjóðskjalasafn rafræna eftirlitskönnun með skjalavörslu og skjalastjórn sveitarstjórnarskrifstofa sem eru afhendingarskyldar til Þjóðskjalasafns. Í nóvember var gefin út skýrsla með niðurstöðum úr könnunni. Skýrslan var gefin út á rafrænu formi á vef Þjóðskjalasafns, www.skjalasafn.is. Í skýrslunni eru upplýsingar um könnunina, tölulegar niðurstöður og umfjöllun um helstu ályktanir og niðurstöður. Þar eru einnig tillögur til úrbóta og nefnt hver gætu verið næstu skref í skjalamálum ríkisins. Þetta er í annað skipti sem Þjóðskjalasafn gerir slíka könnun á skjalahaldi sveitarstjórnarskrifstofa. Í skýrslu Þjóðskjalasafns kemur fram að skjalavarsla og skjalastjórn þeirra 19 sveitarstjórnarskrifstofa sem afhendingarskyldar eru til Þjóðskjalasafns fer hægt batnandi en litlar breytingar hafa orðið á stöðu þeirra frá því að hún var skoðuð síðast fyrir fjórum árum. Rafræn skjalavarsla sveitarstjórnarskrifstofa hefur jafnframt aukist lítillega en þó of hægt. Að meðaltali eru þrjú rafræn gagnasöfn í notkun hjá hverri sveitarstjórnarskrifstofu en í heild hefur Þjóðskjalasafn aðeins fengið tilkynningar frá þremur sveitarstjórnarskrifstofum um rafræn gagnasöfn. Jákvæð merki um meiri áherslu á þennan málaflokk er að starfsfólki í skjalavörslu og skjalastjórn hjá sveitarstjórnarskrifstofum er að fjölga. Árið 2017 höfðu 60% þeirra sérstakan starfsmann sem sá um skjalahaldið en í könnun ársins var það hlutfall komið upp í 81%. Með fjölgun starfsfólks sem sinnir skjalasafni sveitarstjórnarskrifstofunnar er von til þess að betri yfirsýn fáist yfir skjalasafnið. Þá hefur varðveisla tölvupósta hjá sveitarstjórnarskrifstofum stórbatnað, nú varðveita 88% tölvupósta en aðeins 57% gerðu það árið 2017.



Skýrsla um skjalavörslu og skjalastjórn prestakalla sem kom út á árinu 2021.

Þá gerði safnið rafræna eftirlitskönnun á skjalageymslum ríkisins í júní. Skýrslan var gefin út á vef Þjóðskjalasafns í október. Í skýrslunni kemur m.a. fram að umfang pappírsskjala hjá ríkinu hefur aukist gífurlega á undanförnum árum og má áætla að nú séu um 106.000 hillumetrar af pappírsskjölum hjá stofnunum, embættum og fyrirtækjum ríkisins. Frá árinu 2012 hefur umfang pappírsskjala afhendingarskyldra aðila ríkisins aukist um 112%. Gífurleg aukning á umfangi pappírsskjala má einkum rekja til þess hversu hægt hefur gengið að innleiða rafræna skjalavörslu hjá ríkinu. Þá má áætla út frá niðurstöðum eftirlitskönnunarinnar að afhendingarskyldir aðilar ríkisins noti um 17.000 fermetra til að geyma pappírsskjöl. Þá leiða niðurstöðurnar enn fremur í ljós að afhendingarskyldir aðilar ríkisins hafa áhuga á að skila yngri

pappírsskjölum til Þjóðskjalasafns en almennt er gert.

Í nóvember gaf safnið svo út þriðju eftirlitsskýrsluna með niðurstöðum eftirlitskönnunar á skjalavörslu og skjalastjórn prestakalla sem var gerð í byrjun ársins. Þjóðskjalasafn og Biskupsstofa fyrir hönd þjóðkirkjunnar hafa átt í samstarfi undanfarin misseri í þeim tilgangi að efla skjalavörslu og skjalastjórn prestakalla og var eftirlitskönnunin liður í þessu samstarfi. Helstu niðurstöður eftirlitskönnunarinnar er að 70% prestakalla skrá ekki niður erindi sem þeim berast, varðveisla tölvupósts er ábótavant og átaks er þörf í vörslu rafrænna gagna en ekkert prestakall hefur tilkynnt notkun á rafrænu gagnasafni til Þjóðskjalasafns eins og reglur kveða á um. Þá eru um 85 hillumetrar af pappírsskjölum sem eru 30 ára og eldri og eru því komnir á afhendingartíma til safnsins. Niðurstöðurnar sýna jafnframt að prestaköll telja að skortur sé á leiðbeiningum og þörf sé á frekari ráðgjöf um skjalavörslu og skjalastjórn. Niðurstöður eftirlitskönnunarinnar verða notaðar til grundvallar í samantekt sérstakra og handhægra leiðbeininga um skjalavörslu og skjalastjórn prestakalla með það að markmiði að miðla betur upplýsingum um hvernig haga beri skjalahaldi og hvernig afhenda eigi skjöl til varðveislu á Þjóðskjalasafn. Að auki mun Þjóðskjalasafn í samstarfi við Biskupsstofu nýta skýrsluna til að skipuleggja frekari fræðslu til starfsfólks kirkjunnar t.d. með reglulegum námskeiðum og fræðsluerindum.

## Nýr ráðgjafavefur

Nýr vefur Þjóðskjalasafns Íslands fyrir ráðgjöf og eftirlit með skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila fór í loftið í júní. Markmiðið með nýjum vef er að auðvelda aðgengi að reglum, leiðbeiningum og hvers konar fræðslu fyrir afhendingarskylda aðila er tengist skjalavörslu og skjalastjórn. Þá er á vefnum að finna ítarlegar upplýsingar um eftirlit safnsins með skjalahaldi afhendingarskyldra aðila, s.s. um feril eftirlitsheimsókna, þroskastig, áhættumat og eftirfylgni. Einnig er í fyrsta skipti birtur listi yfir eftirlitsskylda aðila á vef safnsins, en rétt er að taka fram að listinn er ekki tæmandi. Meðal annarra nýjunga á vefnum er að birt eru lögfræðiálit sem Þjóðskjalasafn hefur látið vinna um ýmsa þætti í skjalavörslu og skjalastjórn og reifun á frumkvæðisathugunum sem safnið hefur staðið fyrir frá árinu 2015. Nýr vefur um ráðgjöf og eftirlit með skjalavörslu og skjalastjórn er birtur á sérstöku undirléni, https://radgjof.skjalasafn.is/.




Vefur um ráðgjöf og eftirlit var opnaður á árinu.

## Nýjar leiðbeiningar

Í júní var gefið út nýtt leiðbeiningarit um hverju þurfi að huga að við sameiningu ríkisstofnana, færslu verkefna á milli stofnana, niðurlagningu þeirra og einkavæðing ríkisaðila. Birtar eru ítarlegar leiðbeiningar sem hægt er að styðjast við þegar slíkar breytingar verða á stofnunum ríkisins. Leiðbeiningaritið er birt á vefsíðu en ekki í pdf-skjali eins og fyrri leiðbeiningarit safnsins hafa verið. Ætlunin er að allar nýjar leiðbeiningar safnsins verði gefnar út á þennan hátt í framtíðinni en það auðveldar bæði aðgengi afhendingarskyldra aðila að leiðbeiningum og uppfærslur á þeim þegar á þarf að halda.

## Gjaldskrá Þjóðskjalasafns

Þann 1. desember 2021 tók gildi gjaldskrá um þjónustu Þjóðskjalasafns Íslands. Með gjaldskránni hefur Þjóðskjalasafn heimild til að taka gjald fyrir tiltekna þjónustu og byggir gjaldskráin á heimild í lögum um opinber skjalasöfn og reglugerð nr. 1236/2021 um gjaldskrá Þjóðskjalasafns.

Gagnvart afhendingarskyldum aðilum hefur Þjóðskjalasafn heimild til að taka gjald fyrir varðveislu pappírsskjala sem eru yngri en 30 ára gömul. Með gjaldinu getur safnið því mætt kostnaði sem til fellur við varðveislu yngri pappírsskjala þar til þau hafa náð 30 ára aldri en almennt eiga afhendingarskyldir aðilar að varðveita pappírsskjöl þar til þau hafa náð þessum aldri. Þá munu sveitarfélög sem afhenda skjöl til varðveislu á Þjóðskjalasafn ávallt greiða fyrir varðveislu gagnanna óháð aldri þeirra. Einnig munu skiptastjórar þrotabúa greiða fyrir varðveislu skjala þrotabúa í sjö ár frá skiptalokum og fyrir eyðingu þeirra að varðveislutíma loknum. Einnig er Þjóðskjalasafni heimilt að taka gjald fyrir móttöku, frágang og flutning skjalasafna afhendingarskylds aðila sem hefur hætt starfsemi eða verið lagður niður.

## Samráðshópur um einkaskjalasöfn

Í tillögum vinnuhóps um varðveislu einkaskjalasafna á opinberum vettvangi, sem starfaði 2019-2020, var lagt til að komið yrði á fót samráðshópi til að stuðla að betri varðveislu og aðgengi einkaskjalasafna á Íslandi. Þjóðskjalavörður skipaði í samráðshópinn 29. september 2021. Í hópinn voru skipaðir frá Þjóðskjalasafni Íslands, Gunnar Örn Hannesson fagstjóri skráninga (formaður) og Kristjana Vigdís Ingvadóttir, skjalavörður. Eftir

tilnefningu frá héraðsskjalasöfnum, Þorsteinn Tryggvi Másson héraðsskjalavörður Árnesinga og Halldóra Jónsdóttir héraðsskjalavörður Austur-Skaftafellssýslu. Eftir tilnefningu frá Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni, Bragi Þorgrímur Ólafsson fagstjóri handritasafns.

Meðal verkefna samráðshópsins er að hafa umsjón með og þróa vefinn Einkaskjalasafn.is, halda við og endurnýja reglulega leiðbeinandi aðfangastefnu fyrir Ísland, halda utan um aðfangastefnur vörsluaðila um söfnun einkaskjalasafna sem hafa verið samþykktar og birtar, standa fyrir sameiginlegum söfnunarátökum tiltekinna flokka einkaskjalasafna, hafa samstarf við aðra hagsmunaaðila um verkefni sem snýr að söfnun, varðveislu og aðgengi að einkaskjalasöfnum og önnur verkefni sem snúa að söfnun, varðveislu, aðgengi og miðlun einkaskjalasafna á Íslandi eins og við á.

Samráðshópurinn hélt einn fund á árinu 2021.

## Vinnuhópur um varðveislu sjúkraskráa

Með bréfi dags. 12. maí 2020 skipaði þjóðskjalavörður, vinnuhóp undir forystu Þjóðskjalasafns Íslands um langtíma varð veislu og meðferð sjúkraskrárupplýsinga. Um varðveislu og afhendingu sjúkraskráa fer eftir lögum nr. 55/2009 um sjúkraskrár. Sjúkraskrárupplýsingar eru mikilvægar upplýsingar um heilsufar sjúklings og meðferð hans hjá starfsstofum heilbrigðisstarfsmanns eða heilbrigðisstofnun. Sjúkraskrárupplýsingar hafa verið varðveittar vegna þess að þær geta varðað réttindi einstaklinga og til að viðkomandi heilbrigðisstarfsmaður eða heilbrigðisstofnun geti varpað ljósi á þá meðferð sem sjúklingar hafa fengið. Jafnframt eru sjúkraskrárupplýsingar mikilvægar fyrir rannsóknir í heilbrigðisvísindum og öðrum greinum. Afar misjafnt er hvernig varðveislu sjúkraskráa er háttað, bæði hjá heilbrigðisstofnunum og starfsstofum heilbrigðisstarfsmanna en verkefni vinnuhópsins voru m.a. að gera tillögur um hvernig koma má þessum gögnum í betri og skipulegri varðveislu en nú er og tryggja aðgengi að þeim til framtíðar. Vinnuhópurinn skilaði tillögum til þjóðskjalavarðar 22. júní 2021. Samráð var haft bæði við mennta- og menningarmálaráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti um skipun, samsetningu og verkefni hópsins. Í vinnuhópnum sátu Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri skjala- og upplýsingasviðs Þjóðskjalasafns, Aðalbjörg Guðmundsdóttir, lögfræðingur á skrifstofu innviða heilbrigðisþjónustu í heilbrigðisráðuneytinu, Torfi Magnússon, yfirlæknir á skrifstofu framkvæmdastjóra lækninga á Landspítala, Jóhann M. Lenharðsson, sviðsstjóri sviðs eftirlits og gæða heilbrigðisþjónustu hjá Embætti landlæknis og Sara Halldórsdóttir, skjalastjóri, hjá Embætti landlæknis.

## Forvarsla

Á árinu var unnið að úrbótum á umbúðum í geymslum í húsi 2 eftir að gerðar höfðu verið úttektir á þeim. Haldið var áfram að sérsníða öskjur fyrir söfn í þessum geymslum og manntölum komið fyrir í sérpantaðar öskjur. Einnig var úttektum í geymslum haldið áfram. Unnið var að skráningu teikninga í teikningasafni Þjóðskjalasafns og samhliða var þeim komið í betri umbúðir sem í flestum tilfellum þurfti að sérsníða. Nokkar teikningar þurftu á styrkjandi forvörslu að halda.

Á seinni hluta árs var forvörsluverkstæðið flutt yfir í hús 1 og fór nokkur tími í að undirbúa nýja rýmið og flutninginn. Þessi angi starfseminnar er nú nær annarri starfsemi safnsins sem er afar jákvætt.

Eitt af reglubundnum verkefnum forvörslunnar er að taka við viðgerðarbeiðnum frá lestrarsal og var tekið við nokkrum slíkum verkefnum á árinu. Annað reglubundið verkefni forvörslu er að sinna eftirliti í geymslum safnsins, t.d. skordýravöktun og umhverfismælingum (hita- og rakastig). Raka- og hitamælum hefur nú verið komið fyrir í öllum geymslum í húsi 2 og 4. Fylgst er reglubundið með mælingum og tilheyrandi starfsmönnum gert viðvart ef mikil frávik koma í ljós.

# 4.

# AÐGENGI OG ÞJÓNUSTA

## Skjalaskrá og Einkaskjalasafn.is

Í skjalaskrá Þjóðskjalasafns, sem er aðgengileg öllum á vef safnsins, er að finna upplýsingar um safnkostinn. Enn er einungis hluti safnkostsins skráður í rafrænu skjalaskrána og er stöðugt unnið að því að koma inn eldri skrám en allar nýjar skrár eru þar aðgengilegar. Á árinu 2021 voru 436 skjalasöfn skráð í rafræna skjalaskrá safnsins sem töldu um 47.611 skjalaöskjur. Færslur í innri skjalaskrá safnsins voru undir lok árs 2021 um 1.258.000 talsins. Í ytri skjalaskrá safnsins eru birtar skjalaskrár fyrir almenning, sem hafa verið yfirlesnar með tilliti til persónuverndarsjónarmiða og var fjöldi færslna í henni um 1.100.000 í lok árs.

Þjóðskjalasafn rekur vefinn Einkaskjalasafn.is – samskrá yfir einkaskjalasöfn, en vefurinn er samstarfsverkefni Þjóðskjalasafns, Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og héraðsskjalasafna. Á vefnum birtir 21 vörslustofnun upplýsingar um einkaskjalasöfn í vörslu þeirra. Undir lok árs 2021 voru birtar upplýsingar um 8.411 einkaskjalasafn á vefnum, þar af 2.132 frá Þjóðskjalasafni.

## Útlán og notkun skjala

Árið 2021 var 4.351 skjalaaskja pöntuð úr geymslum safnsins til notkunar á lestrarsal, til innanhússnota eða vegna láns til skjalamyndara. Er það fækkun frá fyrra ári þegar pantaðar voru 5.312 öskjur, og dregst því útlán skjala saman um 18% á milli ára.

## Fyrirspurnir vegna safnkosts

Skjalaverðir Þjóðskjalasafns svara fjölbreyttum fyrirspurnum frá viðskiptavinum sem leita upplýsinga í safnkostinum. Fyrirspurnir geta verið mismunandi að umfangi, allt frá einfaldri uppflettingu í gögnum til umfangsmeiri og flóknari vinnu. Skriflegar fyrirspurnir árið 2021 vegna safnkosts voru 2.056 talsins og er það fjölgun frá fyrra ári um 11%. Svo virðist sem að lokun á lestrarsalnum vegna sóttvarnarráðstafana hafi leitt til fjölgunar skriflegra fyrirspurna til safnsins.

**Fjöldi askja í útlán 2017-2021**




**Gestafjöldi á lestrarsal 2017-2021**



## Heimsóknir á lestrarsal

Á lestrarsal Þjóðskjalasafns eru afgreiddar skjalaöskjur sem gestir safnsins hafa óskað eftir að fá að skoða. Lestrarsalurinn var opinn alla virka daga ársins frá kl. 10 – 17 mánudaga til fimmtudaga og kl. 10 – 16 á föstudögum. Frá og með 1. september var afgreiðslutími á lestrarsal frá kl. 10 – 15. Alls sóttu 1.625 gestir lestrarsalinn árið 2021 en þeir voru 1.176 árið 2020 en þá var lestrarsalnum lokað tímabundið vegna sóttvarnarráðstafana. Frá árinu 2017 hefur gestum fækkað um 54%.

| Skráðar fyrirspurnir | 2020 | 2021 |
|---|---|---|
| Veðmálabækur | 350 | 381 |
| Vottorð um námsferil | 86 | 73 |
| Samgöngur og farartæki | 34 | 43 |
| Atvinnuvegir | 21 | 7 |
| Bygginga- og skipulagsteikningar | 111 | 126 |
| Skattaskýrslur | 83 | 64 |
| Beiðnir um aðgang | 268 | 356 |
| Útlán (skjalamyndarar, millisafnalán o.fl.) | 30 | 28 |
| Almennar fyrirspurnir | 379 | 544 |
| Kirkjubækur/sóknarmanntöl | 104 | 95 |
| Jarðir og landeignir | 95 | 124 |
| Aðrar beiðnir | 32 | 32 |
| Sögulegir atburðir | 7 | 21 |
| Einstaklingssaga / æviþættir | 149 | 114 |
| Skipa- og lögskráningar | 48 | 28 |
| Margþættar fyrirspurnir | 60 | 20 |
| Samtals | 1857 | 2056 |



Lestrarsalur Þjóðskjalasafns Íslands

# 5.

# SÝNINGAR, VIÐBURÐIR OG RANNSÓKNIR

## (Vor)ráðstefna Þjóðskjalasafns

Vorráðstefna Þjóðskjalasafns var haldin í þriðja sinn á árinu 2021. Hún fór þó ekki fram að vori eins og upphaflega var áætlað heldur 12. nóvember en fresta þurfti ráðstefnunni vegna heimsfaraldursins. Yfirskrift ráðstefnunnar var „Stafræn umbreyting stjórnsýslunnar. Staða og framtíð.“ Flutt voru fjögur erindi auk þess sem fyrirlesara sátu í pallborði og tóku þátt í umræðum um málefnið. Einnig var streymt frá ráðstefnunni. Samtals voru 149 manns sem sóttu ráðstefnuna eða fylgdust með henni yfir netið.

## Þjóðlendu- og landamerkjaverkefni

Á árinu var unnið að gagnaöflun vegna málsmeðferðar óbyggðanefndar um þjóðlendumál. Aflað var gagna vegna svæðis 10B, Ísafjarðarsýslur og unnið var að undirbúningi fyrir gagnaöflun um önnur svæði, þ.e. svæði 11, Austfirðir og svæði 12, eyjar og sker. Gagnaöflun fyrir svæði 10B hefur verið afar víðtæk í samanburði við önnur svæði, einkum vegna umfangsmikilla krafna sem lagðar hafa verið fram á svæðinu. Jarðalistinn sem Þjóðskjalasafn hefur unnið eftir samanstendur af um 270 nafngreindum kröfusvæðum og jörðum. Úrskurða óbyggðanefndar er að vænta á fyrri hluta árs 2023. Þá hófst á árinu 2021 verkefni við að skrifa upp og samlesa allar landamerkjabækur sýslumannsembætta á landinu og er verkefnið unnið í samráði við Þjóðskrá.

## Lénið Ísland

Bók Kristjönu Kristinsdóttur fagstjóra hjá Þjóðskjalasafni, *Lénið Ísland: Valdsmenn á Bessastöðum og skjalasafn þeirra á 16. og 17. öld*, var gefin út af Þjóðskjalasafni árið 2021. Á 16. og 17. öld var Ísland lén í Danmörku og var rekstur þess og stjórnsýsla sambærileg við önnur lén innan danska ríkisins. Á þessu tímabili voru stigin fyrstu stóru skrefin í mótun ríkisvalds á Íslandi með styrkingu konungsvalds, þar sem einn lénsmaður fór með völd í landinu fyrir hönd konungs. Í bókinni er meðal annars leitað svara við spurningunum: Hverjir voru lénsmenn konungs á Íslandi og hvernig mótaðist stjórnsýsla konungs? Hvaða skjöl urðu til á tímabilinu við stjórn og rekstur lénsins Íslands og hvaða sögu segja þau? Lénið Ísland er grundvallarrit um þetta áður lítt rannsakaða tímabil í sögu Íslands. Í tilefni útgáfunnar var útgáfuhóf á Bessastöðum þar sem forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson veitti bókinni viðtöku.




## Vestnorrænir skjaladagar í Færeyjum

Þjóðskjalasöfn Íslands, Færeyja og Grænlands hafa frá árinu 1999 haldið ráðstefnu á þriggja ára fresti um skjalamál í vestnorrænu samhengi. Að þessu sinni átti ráðstefnan að fara fram árið 2020 í Færeyjum en var frestað vegna heimsfaraldurs. Ráðstefnan var svo haldin í Þórshöfn í Færeyjum 30. ágúst til 2. september 2021. Þema ráðstefnunnar var „Nýjar áskoranir – nýjar lausnir“. Þar var fjallað um fjölmörg mál sem snerta starfsemi safnanna, m.a. um magngögn, persónuvernd og varðveislu gagna, miðlun og

sameiginlegan menningararf í skjölum. Aðalfyrirlesarar á ráðstefnunni voru fimm, Anthea Seles, framkvæmdastjóri Alþjóðaskjalasafnsráðsins (ICA), Katrin Thorsvig Hansen, yfirmaður færeysku Persónuverndar, James Lowry, lektor við City University of New York og Mads Neuhard og Bo Henriksen, frá Borgarskjalasafni Kaupmannahafnar. Alls sóttu 35 manns ráðstefnuna sem þótti heppnast vel og var mikil ánægja meðal gesta að geta aftur hitt fólk eftir samkomutakmarkanir vegna heimsfaraldurs.




Anthea Seles, framkvæmdastjóri Alþjóða skjalaráðsins, flytur ávarp í opnunarhófi Vestnorrænu skjaladaganna.

## Samstarf um rannsóknir á dómsmálum á Austurlandi

Þjóðskjalasafn Íslands og Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Austurlandi gerðu á árinu 2021 samning um samstarf um skráningu, og rannsóknir á dómabókum úr Múlasýslu á árabilinu 1752–1900. Í verkefninu verður hugað að því hvers konar mál komu fyrir dóm á tímabilinu og leitað svara við fjölmörgum rannsóknarspurningum sem snúa meðal annars að því hverjir freistuðust helst til afbrota, hver refsing þeirra var og litið til kyns og þjóðfélagsstöðu þeirra sem komu fyrir dóm. Í verkefninu verður dómabókagrunnur Þjóðskjalasafns nýttur sem tæki til að skrá ólíkar tegundir mála sem komu fyrir dómstóla á tímabilinu og mun skráning Rannsóknarsetursins þannig bætast við þau gögn sem þegar eru skráð í dómabókagrunninn.



Hrefna Róbertsdóttir þjóðskjalavörður og Unnur Birna Karlsdóttir, forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Austurlandi rita undir samstarfssamning um dómabækur.

## Rannsókn á Biblíubréfinu

